

Dags. 18. desember 2008

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 12. september 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Mosaic Fashions hf. vegna brots á þágildandi 63. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti en ákvæðin eru efnislega samhljóða 126. og 127. gr. núgildandi laga nr. 107/2008 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Mosaic Fashions hf. hefði brotið gegn 63. og 64. gr. þágildandi vvl. með því að tilkynna ekki um víðskipti sem urðu með bréf í félaginu innan tilskilinna tímamarka. Samkvæmt 63. gr. þágildandi vvl. bar útgefanda að tilkynna samdægurs um víðskipti fruminnherja eða fjárhagslega tengds aðila til Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt 64. gr. þágildandi vvl. bar útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um víðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, til skipulegs verðbréfamarkaðar, sem birtir upplýsingarnar opinberlega. Samkvæmt 2. mgr. 64. gr. þágildandi vvl. hvíldi sama skylda á aðilum sem voru fjárhagslega tengdir stjórnendum.

Um var að ræða sölu 15 fruminnherja, stjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila, á hlutum í Mosaic Fashions hf. á meðan tilboðstímabil vegna yfirtökutilboðs Tessera Holding ehf. í félagið stóð yfir. Tilboðstímabilið stóð yfir þann 9. júlí til 7. ágúst 2007 en ekki var tilkynnt um umrædd víðskipti fyrr en þann 10. og 14. ágúst 2007. Taldi Fjármálaeftirlitið að tilkynna hefði átt um víðskiptin innan þess frests sem fram kemur í nefndum lagaákvæðum óháð því hvort tilboðstímabil vegna yfirtökutilboðs hafi staðið yfir. Tilkynningarskyldan skuli miðast við það tímamark þegar aðili hefur skuldbundið sig til að eiga víðskipti með því að samþykkja tilboð, óháð því hvernig og hvenær uppgjör vegna víðskiptanna fari fram.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, stjórnvaldssektarákvarðana í sambærilegum málum og 74. gr. þágildandi vvl. (sbr. 141. gr. núgildandi vvl.) var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 1.000.000.